



Fornleifafræðingafélag Íslands  
(KE: 510399-3159)

Fornleifafræðingafélag Íslands  
Ægisgötu 10  
101 Reykjavík  
fornleifafræðingafelagid@gmail.com  
<http://ffi.blog.is/blog/ffi/>

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2012

Efni: Ályktun Fornleifafræðingafélags Íslands um Þingskjal 84 — 84. mál. Tillaga til þingsályktunar, 140. löggjafarþing 2011–2012.

Fornleifafræðingafélag Íslands gleðst yfir áhuga þingmanna á fornleifarannsóknnum á Íslandi. Staðan er þó sú að fornleifaskráningu landsins er ekki lokið og því er ekki til neitt heildaryfirlit um fjölda og eðli fornleifa á Íslandi. Vegna þessa er ekki til nein heildarstefna um þá minjastaði sem brýnast er að hefja fornleifarannsóknir á. Í ljósi aukins umfangs fornleifarannsókna á Íslandi undanfarin 15 ár er orðið brýnt að slík stefna verði mótuð.

Því miður eru margar fornleifar á Íslandi í bráðri hættu vegna ágangs vatnsfalla og sjávar, uppblásturs og annarra náttúruaflla. Hingað til hefur verið afar erfitt að fá fé til rannsókna á slíkum minjastöðum þrátt fyrir mikinn áhuga starfandi fornleifafræðinga og Fornleifaverndar ríkisins. Þetta er staða sem Fornleifafræðingafélag Íslands telur áriðandi að verði breytt hið fyrsta áður en ómetanleg menningarverðmæti og einstakar fornleifar eyðileggjast.

Meintar rústir þingstaðar í Árnesi við fossinn Búða í Þjórsá eru verðugt rannsóknarefni en það getur ekki talist eðlilegt að Alþingi hlutist sérstaklega til um rannsóknir á ákveðnum minjastöðum. Slík stefnumótun vegna björgunarrannsókna á heima hjá Fornleifavernd ríkisins og þeim fornleifafræðingum sem stunda fornleifarannsóknir á Íslandi í samráði við heimamenn á hverju svæði eftir því sem við á. Fornleifauppgröftur er vísindaleg rannsókn og ákvarðanir um fornleifauppgröft á ákveðnum minjastöðum verða alltaf að vera teknar á vísindalegum forsendum. Ekki verður heldur séð á tillögunni hvernig fjármagna á rannsóknina í Árnesi eða hver á að sjá um framkvæmd hennar. Fornleifarannsóknir á Íslandi eru á samkeppnismarkaði og ber að hafa það í huga þegar hugmyndir sem þessar eru settar fram.


Varðandi mögulega endurbyggingu þeirra mannvirkja sem kunna að hafa staðið í

Árnesi verður félagið að lýsa yfir áhyggjum sínum. Reynslan sýnir okkur að slík verkefni eru oft mjög dýr bæði í byggingu og viðhaldi. Yfirleitt er veitt mun meira fé til endurbygginga en þeirra rannsókna sem þær byggja á og er það miður. Endurbyggingar eru ekki eina leiðin til að kynna minjastaði og vert er að skoða hvaða möguleikar koma þar til greina áður en ákveðið er að fara út í dýra mannvirkjagerð.

Hafi þingmenn áhuga á að auka fornleifarannsóknir á Íslandi vill félagið benda á að framlög til Fornleifaverndar ríkisins, Fornleifasjóðs og Rannís hafa verið skorin svo við nögl undanfarin ár að þau eiga erfitt með að sinna hlutverki sínu. Skráningu fornleifa á Íslandi hefur heldur ekki verið lokið en það er brýnt verk svo hægt sé að meta hvaða minjastaðir séu í mestri hættu, hverja beri að vernda til framtíðar og hvaða staðir séu áhugaverð rannsóknarefni. Aukin fjárframlög til samkeppnissjóða svo sem Fornleifasjóðs og Rannís eru besta leiðin til að tryggja spennandi og vandaðar fornleifarannsóknir á Íslandi og vill Fornleifafræðingafélag Íslands skora á nefndarmenn að styðja vel við starfsemi þessara sjóða.

Fornleifafræðingafélag Íslands getur í ljósi þeirra atriða er fram koma að ofan ekki fallist á tillögu um uppgröft í Árnesi við fossinn Búða í Þjórsá.

Fyrir hönd Fornleifafræðingafélags Íslands



Ármann Guðmundsson  
Formaður Fornleifafræðingafélags Íslands